

a) **Dverghamar 7, Vestmannaeyjar**

b) Arkitekt hússins er Hrafnkell Thorlacius. Einbýlishúsið var byggt árið 1974 og er á tveimur pöllum með innbyggðum bílskúr. Sólskáli á vesturhlíð var byggður við húsið árið 1986. Bíslag hefur einnig verið byggt við húsið.

Leitast er við að styrkja upprunalegan stíl hússins. Bíslag á austurhlíð er fjarlæggt, ný útihurð sett í stað gömlu. Timburveggur með gluggum og hurðum kemur í stað bílskúrhurðar, en horft er til þess að halda í upprunalegt útlit að mestu. Sólskáli sem er á vesturhlíð hússins er fjarlægður og í staðinn kemur viðbygging í beinu framhaldi af stofunni, með þessu stækkar stofan. Súla í miðju stofurými heldur sér, við hana kemur arinn, sjá nánar á sérteikningum. Tröppur eru breikkaðar til þess að tryggja betra aðgengi á neðri pallinn. Breytingar eru gerðar á innra skipulagi. Eldhús er færnt niður á neðri pall. Í staðinn fyrir eldhúsið myndast opið vinnurými. Bílskúr er breytt í svefnherbergi og baðherbergi. Opnað verður frá gangi inn í herbergið. Gluggar eru síkkaðir í núverandi neðri brún á hurð. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús og stofa. Lítil geymsla er þar sem nú er bílskúrhurð. Þvottavél er staðsett á baðherbergi.

c) **Stærðir**

Fyrir stækkun á íbúðarhúsi

Brúttó fermetrar = 146,0 m²

Eftir stækkun á íbúðarhúsi

Brúttó fermetrar = 168,9 m²

Stækkun samtals = 22,9 m²

d) **Lóðarstærð og nýtingarhlutfall**

Lóðin er 510,7 m² að stærð.

Nýtingarhlutfall fer úr 0,29 í 0,33

Bilastæði á lóð er óbreytt, gert er ráð fyrir einu stæði á lóð.

e) **Burðarkerfi**

Núverandi hús er steinsteypt, múrað og málað. Vesturhlíð er opnuð og stækkuð út. Steypt súla í miðjunni heldur sér en brotið er fyrir ofan og neðan núverandi glugga. Stálbiti kemur í stað bita sem er steypur fyrir ofan glugga á vesturhlíð. Stálbiti verður u-180 boltaður á milli útveggja, og hvílir á steyptri súlu í miðjunni.

Steypt verður við núverandi gafflveggi, múrað og málað. Steyptur biti 180 mm er fyrir ofan glugga á vesturhlíð. Undir bitanum eru tvær stál súlur 80 x 40 mm á milli gluggapósta. Þak er úr timbursperrum með borðaklæðningu. Þak á viðbyggingu kemur í beinu framhaldi af núverandi þaki.

f) **Efnisval utanhúss**

Steyptir veggir í viðbyggingunni verða einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun sem verður múrhúðuð og veggir múraðir og málaðir að utan.

Þak verður einangrað á milli sperra með steinull. Neðan við einangrun er rakavarnarlag og lagnagrind. Frágangur á þaki verður í samræmi við núverandi þak. Litur á bárujarni er sá sami og er nú á þakinu. Þakrennur tengjast við núverandi þakniðurföll. Timbur þakkantur verður málaður í sama lit og var upprunalega á húsinu.

Ísteyptir gluggar eru úr timbri. Allt gler er samlímt einangrunargler. K-gildi glersins verður að jafnaði 1.3. Allt gler í byggingunni mun uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 gr. 8.5.2. Gler þykkir reiknaðar af burðarþolshönnuði.

g) **Gerð handriða**

Ekki er gert ráð fyrir handlista á milli palla.

h) **Einangrun byggingarluta**

U gildi einstakra byggingarluta (W/m²K) skv. útreikningum

Ný gólf á jörðu 75 mm plasteinangrun	0,30
Þak einangrað með 175 mm steinull	0,22
Steyptir veggir einangraðir með 100 mm plasti	0,35
Léttir útveggir 150 mm einangrun	0,30
Gluggar	1,35
Hurðir	1,47

i) **Gerð innveggja og innihurða**

Léttir veggir innanhúss eru 120 mm þykkir gerðir úr 70/95mm blikkstoðum og tvöföldu lagi af gipsi beggja vegna og fylltir af steinull. Baðplötur eru notaðar í votrymum. Klæðningar allra innveggja eru a.m.k í flokki 2. Veggir baðherbergja eru flísalagðir en aðrir veggir eru almennt sandspartlaðir og málaðir. Innihurðir eru almennt spónlagðar og karmar úr gegnheilum viði.

j) **Lagnaleiðir**

Inntök allra lagna eru í geymslu

Rafmagn.

Ekki er verið að breyta staðsetningu á aðaltöflu.

Neysluvatnskerfi.

Ekki er verið að breyta staðsetningu neysluvatnskerfis, stofnlagnir liggja í geymslunni.

Hitakerfislagirnir.

Viðbygging verður hituð upp með gólfhitna

Loftræsilagnir.

Húsið er loftræst á náttúrulegan hátt.

k) **Brunavarnir**

Burðarvirki

Brunamóstaða aðalburðarvirki verður a.m.k. REI60

Klæðningar

Allar innanhúsklæðningar verða a.m.k. í flokki 2.

Flóttaleiðir

Flóttaleið er úr stofu/eldhúsi út í garð.

Björgunarop eru úr öllum herbergjum, engar breytingar eru gerðar á björgunaropum úr núverandi svefnherbergjum.

Reykskynjarar verða á öllum svefnherbergjum, gangi eldhúsi og stofu.

Frágangur á arni í stofu, kemur fram á sérteikningum og munu uppfylla allar kröfur er varða brunamál.

l) **Algild hönnun**

Kröfur um algilda hönnun eiga ekki við í þessu tilfelli.


m) **Frágangur lóðar**

Heitur pottur kemur á lóð við suðurhlíð hússins, gert er ráð fyrir útisturtu og krana. Frágangur á lóð og hæðarkótum er á sérteikningum.

n) **Sorp**

Sorp er flokkað og staðsett við lóðamörk út við götu.

Fyrirvari:
Teikning skal lesin með viðeigandi teikningum, verklýsingum og öðrum gögnum sérhönnuða burðarvirkis, lagna og rafmagns. Öll mál skulu tekin á staðnum áður en smíði hefst, ef misræmi er skal tilkynna það strax til arkitekta. Vanda skal vel við allan frágang. Mælið ekki af teikningu.



breyting: dags: lýsing:

-	-	-
-	-	-
-	-	-
-	-	-

Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt EPF-FAÍ

kt: 300876-5019 gsm: 696 0126 hildur@ydda.is

verk:
Dverghamar 7

útgafa:
Aðaluppdráttur

teikning:
afstöðumynd og byggingarlýsing

hannað/teiknað: yferið:
HYO HYO

mkv: dags:
1:100@A2 22.10.20

breyting: númer:
- 102_1.00